

# VEGNA HVERS VERIÐ ER Á HELVEGI

## I

Ekki verður annað sagt, en að lítill gaumur hafi því verið gefinn, sem þó er eftirtektarverðara í sögu mannkynsins en flest, eða jafnvel allt annað. Allar mannlegar framfarir, allar umbætur á högum mannanna eru ávöxtur aukinnar þekkingar. Og þó hefir viðleitnin á að auka þekkingu löngum verið vanmetin og átt býsna erfitt uppdráttar. Ekkert var alveg eins ólíklegt til að gera nokkurn að miklum manni og framúrskarandi áhugi og hæfileikar í þá átt. Gat, meira að segja, slík viðleitni reynst þeim, sem hana hafði í frammi, hættulegri en allt annað. Og jafnvel eftir að ljós vaxandi þekkingar hafði áunnið það, að hætt var að ofsækja menn og drepa fyrir að hugsa nýjar og þýðingarmiklar hugsanir, þá voru menn þó sljóvir gagnvart slíkri viðleitni, áhuginn lítill á því, að þeir sem líklegir voru til að geta orðið vísindamenn, fengi nægilega góða menntun, og áhuginn þó ennþá minni á því, að þeir, sem þrátt fyrir allt höfðu þó getað orðið vísindamenn, gætu lifað og starfað við nægilega góðar ástæður. Ég minnst þess frá námsárum mínum í hinni miklu menntaborg Kaupmannahöfn, að í skáldsögum mátti sjá gert ráð fyrir því, að kennarar við latínuskóla — en margir þeirra stunduðu, auk kennslunnar, vísindaverk — væru fátækir, heldur illa til fara, og taugaveiklaðir sakir ofþreytu, og er lýsing skáldsins Palle Rosenkrantz í bók, sem ekki er skáldsaga, heldur sjálfsævisaga skáldsins, fullkomlega í samræmi við það; má þó gera ráð fyrir, að aðalspilturinn hafi gengið í einn af bestu latínuskólum borgarinnar. Segir R., að sér hafi nálega fundist sem um tvo óskylda heima væri að ræða, þar sem skólinn var annarsvegar, og hin ríkmannlegu heimili hins aðallega skyldfólks hans hins-

vegar, og eru það eftirtektarverð orð.

Af eigin reynslu minnst ég þess með gremju hversu ónóg og ófullkomin kennslan var, þó að gengið væri menntaveginn, og var þetta þó ekki því að kenna, að þá, sem kennsluna höfðu á hendi, skorti áhuga og skyldurækni, heldur hinu, að á „hærri stöðum“ var ekki til nægilegur áhugi á því, að skólarnir væru úr garði gerðir eins og þurft hefði. Og kemur í slíku greinilega fram, að þýðing þekkingarinnar hefir hvergi nærri verið þeim ljós, sem fyrir þessu áttu að sjá.

## II

Það þarf ekki að horfa langt aftur í tímann, til þess að ótvíræðlega komi í ljós, hversu herfilegir ávextir vanþekkingarinnar hafa verið, jafnvel í þeim löndum, sem þá voru fremst að siðmenningu. Er sá þáttur í sögu 16. aldarinnar, sem nú skal vikið á, með ólíkindum hryllilegur. Fer ég þar mest eftir frásögn Troels Lunds, er ágætur sagnfræðingur var, og flestum fróðari um sögu þeirrar aldar.

Árið 1535, 29. jan., var farin mjög hátíðleg skruðganga um götur Parísarborgar. Hásætishiminn var þar borinn fyrir, en undir honum var ekki konungurinn, Frans I., heldur örsmátt hveitibrauð, sem þó ekki mátti kalla brauð, heldur var það líkami Krists. En um þetta var einmitt deilt þá. Hinir rétttrúðu sögðu, að þeir, sem gengju til altaris, neyttu í raun og sannleika líkama Krists; en rangtrúaðir — sem taldir voru — héldu því fram, að einungis væri um táknræna minningarathöfn að ræða. Konungurinn gekk þarna á eftir, berhöfðaður, með logandi blys í hendi. Þessu næst var mjög hátíðleg messa sungin í einni höfuðkirkju borgarinnar, en konungurinn hélt síðan, úr hásæti, þrumandi ræðu gegn öllum óvinum þess, sem væri konungur konunganna, eða m. ö. o., hreyfðu nokkrum andmælum gegn því, sem kirkjan taldi rétta trú. Hvern rangtrúaðan bæri að líta á sem sýktan lim, er þegar yrði að skera af og brenna. Kvaðst konungurinn ekki mundi hlífa jafnvel þó að hans eigið barn væri, ef rangtrúin hefði sýkt það. Þvínæst steig hann á bak hesti sínum, og reið um bæinn til þess að líta eftir því, hvort farið

væri að framkvæma skipanir hans um að refsarangtrúðum. Gat hann gengið úr skugga um, að á sex stöðum í borginni loguðu þegar bál, þar sem tekið var til að brenna þá, sem leyfðu sér að halda því fram, að hið örsmáa brauð, sem altarisgestir neyttu, væri brauð, en ekki líkami Jesú. Og ekki þótti trúvillingunum nægilega refsað með því að binda þá við staur á bálkestinum og brenna þá þannig í einni lotu. Það þótti taka of fljótt af. Voru þeir því festir á fjöl, sem hægt var að lyfta uppúr eldinum, og láta síga niður í hann aftur, svo oft sem þurfa þótti. Næstu daga var þessum refsaðgerðum haldið áfram af hinu mesta kappi; brunnu þar bæði karlar og konur. Og ekki leið á löngu áður sjá mátti víðsvegar á torgum hinnar miklu borgar, hanga á þessum kvalalengingarfjöllum, sviðnar og svartar leifarnar af líkömum þeirra, sem þannig hafði refsað verið.

Ef menn nú vilja hugleiða þetta hryllilega miskunnarleysi gagnvart jafnvel hinum ógurlegustu þjáningum fólks, sem þó í rauninni alls ekkert hafði til saka unnið, þá mun þeim síður finnast ótrúlegt, að til séu staðir eins og Myrkheims-skógarnir, sem áður hefir verið sagt nokkuð af, og þar sem framliðnir eru kvaldir á hræðilegasta hátt við algert tilfinningaleysi kveljandans.

### III

Þannig var það nú á Frakklandi, í ríki Frans I. En konungurinn hinumegin við sunðið, Henrik 8. — þeir önduðust báðir sama árið, 1547 — var heldur ekki mildur. Tugum þúsunda saman voru menn þar í landi líflátnir á ríkisstjórnarár-um hans, sumir hálshöggirnir, en ef um rangtrúnað var að ræða, þá dugði ekki minna en dauðinn í eldi. Ekki er þar getið um slíkar tilfæringar til að lengja dauðakvalirnar, sem í París voru notaðar, og er það þó ekki svo að skilja, að miskunnsemin hafi verið meiri, heldur aðeins hitt, að ekki var eins farið að. Gömul mynd í bók Troels Lunds, sýnir menn, sem verið er að brenna á torgi í Lundúnum, og er eldsneytinu hlaðið í kringum þá, en þó ekki hærra en það, að mennirnir standa uppúr.

Skólakennari, sem Lambert hét og ákærður var fyrir villutrú, fór þess á leit, að mega verja mál sitt frammi fyrir konunginum — en Henrik 8. var lærður guðfræðingur — og var það veitt. Ræddi konungur málið við hann sitjandi í há-sæti og að viðstöddum 10 biskupum, sem konunginum voru þarna til aðstoðar, og mörgu öðru stórmenni. Fór svo að lokum eftir að þeir höfðu þeytt þetta með sér í 5 klukkustundir samfleytt, að Lambert bugaðist, játaði frammi fyrir konunginum og hinni glæsilegu samkomu, að hann hefði ekki haft á réttu að standa, og baðst griða. En ekki dugði honum að hafa játað villu sína betur en það, að hann var samt brenndur, og þannig, að byrjað var á fótunum. (Tr. L., s. 175). Er ekki ólíklegt, að þetta hafi þótt ennþá snjallara ráð til að auka hinar ógurlegu kvalir brunadauðans heldur en jafnvel kvalalengingarfjölin, sem áður var getið um.

Saga eins og þessi gerir mann tortrygginn gagnvart þeirri staðhæfingu, að Servet og Brúnó mundu hafa verið gefin grið, ef þeir hefðu aðeins játað villu sína. En slíku hefir verið haldið fram af hinum grimmu morðingjum. Og má e. t. v. líta á það sem nokkurn vott þess, að samviskan hafi þó ekki verið sem allrabest hjá þeim, sem þessi hryllilegu grimmdarverk létu framkvæma.

#### IV

Einkar mikilsverð fyrir skilning vorn á sögu mannkynsins er saga Calvins og Servets. Þeir voru nálega jafnaldrar, C. fæddur 1509, S. 1511, en allra manna ólíkastir. Það er býsna fróðlegt, að virða fyrir sér mat samtíðar á Calvin annarsvegar og Servet hinsvegar. Og eigi einungis það, heldur jafnvel mat nútíðar á þessum mönnum. Calvin var hinn frægi guðfræðingur, höfuðprestur og siðbótarmaður, af sumum talinn maki Lúthers, eða jafnvel betur. Servet var ágætur læknir, eftir því sem unnt var að vera á þeim tímum, og brautryðjandi í þeim skilningi á hringrás blóðsins, sem Harvey (1578—1657) og Malpighi (1628—94) komu svo vel áleiðis síðan. En Servet var einnig guðfræðingur, eins og ýmsir aðrir náttúrufræðingar, bæði þá og síðar — t. d. Newton og

Swedenborg — og það varð hans ógæfa. Calvin hafði samið rit, sem hann nefndi *Institutio religionis christianæ* (þ. e. Kristin fræði). Séð hefi ég þess getið, að Servet hafi sent Calvin eintak af þessari bók hans með ýmsum athugasemdum, sem hann hafði skrifað á spássíurnar, og Calvin mislíkuðu mjög. Skrifaði hann vini sínum Farel bréf, þar sem þetta er í: „Si venerit, modo valeat mea autoritas, vivum exire nunquam patiar“ Þ. e., að ef Servet kæmi til Genfar, skyldi hann aldrei þaðan lífs burtu komast, ef Calvin mætti ráða. Á sömu leið skrifaði Calvin öðrum vini sínum. Og því miður fór svo, að Servet neyddist til að koma til Genfar, er hann var að flýja undan óvinum sínum í Frakklandi, og gat ekki komist þaðan aftur svo fljótt, sem hann vildi. Náðu þá fylgjendur Calvins í hann og settu í fangelsi. Lauk þeirri fangelsisvist svo, að hann var, samkvæmt kröfu Calvins, brenndur á báli 27. okt. 1553. Er sagt, að sveigur stráður brennisteini hafi verið látinn á höfuð hinum ógæfusama manni, og auk þess sérstakar ráðstafanir verið gerðar til þess að viðarkösturinn brynni ekki of fljótt. Veit ég ekki, hversu áreiðanleg sú sögn er, en hún er a. m. k. í samræmi við innræti hins mikla siðbótarmanns.

Pannig var þá farið með Servet, sem hafði eigi einungis ekkert glæpsamlegt unnið, heldur var einn af ágætustu og nýtustu mönnum sinnar samtíðar. Framkoman gagnvart hinum djöfullega innrætta grimmdarsegg, sem fyrir þessum stórglæp stóð, var úr allt annarri átt. Honum var rúmlega þrítugum boðið að koma til Genf til prestsskapar, og fagnað mjög, þegar hann kom. Bæjarráðið veitti honum 500 gyllina árslaun, „en það svarar að kaupmætti til meir en 15000 króna á vorum dögum“ — segir Troels Lund, nokkrum árum fyrir heimsstyrjöldina fyrri. Auk þess var honum fenginn fagur embættisbústaður, með ýmsum hlunnindum. Eldsneyti fékk hann eftir þörfum, og auk þess, ár hvert, 1½ tunnu af hveitimjöli, og 3800 lítra af víni. Hvað hann átti að gera við svona mikið af víni, er ekki sagt. Auk þess, sem nefnt hefir verið, var mikið um aðrar gjafir, bæði frá bæjarráði og einstökum mönnum. Menn báru hann m. ö. o. á

höndum sér. Calvin var í Genf tignaður sem hinn sanni guðs þjón og boðberi sannleikans. Og þó var þetta einn af ógurlegustu harðstjórum mannkynssögunnar. Mátti hann heita nærri einvaldur í hinni fögru borg, og svalaði grimmd sinni og drottunargirni eins og hann lysti, án þess að móti væri mælt. Lét hann marga aðra en Servet kvelja til dauða í eldi, ef honum féllu ekki skoðanir þeirra, og þess er jafnvel getið til marks um hörku hans, að barn, sem var mjög óþekkt við foreldra sína, hafi hann látið taka frá þeim og drepa. Það virðist, þegar gætt er að æviferli Calvins, ekki ólíklegt, að Swedenborg muni ekki hafa missýnst, er hann kveðst hafa séð Calvin í mjög ömurlegum stað „hinumegin“.

Troels Lund skrifar um Calvin án þess að vart verði viðbjóðs, og virðist mér furðu gegna. Árangurinn af „leit Calvins eftir sannleikanum“ var, að því er Troels Lund segir, sá, að Guð og djöfullinn sé eitt og hið sama. Má um þann árangur segja, að hann hafi verið mjög í samræmi við leitar-aðferðina, enda ekki hægt að segja neitt, sem vitlausara væri. Og í rauninni er það að hæða sannleikann, að nefna sannleiksleit í sambandi við slíkan mann. Servet leitaði sannleikans, en Calvin ekki, því að hann var hinn verstí óvinur Guðs og sannleikans.

Hinn ónefndi höfundur greinarinnar um Calvin í *Encyclopædia Britannica* kemst þó langt um lengra en Troels Lund, í vanskilningi á því, hverskonar maður Calvin var í raun réttri, og lætur sér jafnvel sæma að skrifa aðra eins rokna fjarstæðu og þá, að þessi höfuðníðingur hafi aldrei komið ódregilega fram gagnvart andstæðingi! En skrítnast af öllu er þó, að Ernest Renan, málfræðingur, sagnfræðingur og guðfræðingur, og einn af frægustu rithöfundum á franska tungu, segir (samkvæmt E. Br.), að Calvin hafi verið best kristni maður sinnar samtíðar! Ég veit ekki í hvaða sambandi Renan hefir sagt þessi orð, en hvað sem því líður, þá þarf ekki að efa, að Calvin hefir sjálfur verið sannfærður um, að hann væri kristinn í allrabesta lagi, og er slíkt furðulegt um mann, sem breytti svo þveröfugt við einmitt það, sem kristin kenning helst hefir til síns ágætis.

Danska skáldið Georg Rönberg — en til er eftir hann eftirtektarverð bók um Brúnó, sem ég mun geta nánar um síðar — hefir ágætlega lýst þeim svip ótta, tortryggni og andlegs ófrelsis, sem Calvín hafði sett á hina fögru borg Genf. Og er engin furða, þó að svipur borgarbúa væri ekki glaðlegur eða frjálsmannlegur, þar sem allir vissu hvað við lá, ef þeir væru ekki trúaðir, og á þann hátt trúaðir, sem Calvín líkaði, og að stórum auðveldara var að bera fram ákærur en að verjast þeim.

## V

Engin þau tíðindi, sem gerst hafa hér á helvegi, virðast mér eftirtektarverðari en saga Brúnós, engin sem fremur geti greitt fyrir um skilning á því, vegna hvers verið er á helvegi ennþá hér á jörðu. Brúnó var það andans ljós, er bjartar skein en nokkurt áður, og má þó heita, að jafnvel fram á vora daga hafi vanmetið verið. Og þá eigi síður, og í sambandi við það, sú hryllilega meðferð, sem þessi frábæri vit-snillingur varð að sæta.

Skulu nú nefnd nokkur dæmi þess, hve fjarri fer því, að jafnvel á þessum síðustu tímum hafi menn vaknað svo sem þyrfti gagnvart þýðingu Brúnós fyrir mannkynið. Sir Oliver Lodge hefir í bók sinni „Pioneers of Science“ (Brautryðjendur í vísindum) — sem er annars ágæt — alveg sleppt að rita um Brúnó. Í hinni miklu alfræði Encyclopædia Britannica, er nálega 10 sinnum lengra mál um Spinoza en um Brúnó; og í heimspekisögu Kúnó Fischers, sem er 9 þykk bindi, er heilt bindi um Spinoza, en um Brúnó aðeins stuttur kafli. Og var Spinoza að vísu mjög merkilegur heimspekingur, en þó hvergi nærri jafningi Brúnós. Tvær nýjar bækur, allstórar, hefi ég séð, og er önnur þeirra um merkustu vísindamenn, en hin um helstu heimspekinga. Brúnós er í hvorugri getið. Til er eftir J. Tissandier bók, sem heitir Píslarvottar vísindanna; hefi ég aðeins séð hana í norski þýðingu, eftir H.J. Müller, Kria 1880. Þar er þetta haft eftir V. Cousin, sem var mjög kunnur franskur heimspekingur, er ritað hefir langa heimspekisögu: „Brúnó verður þó ekki

neitað um, að hann megi með nokkrum hætti heita vitsnillingur“: „Man kan ikke frakende ham en slags geni“(!) Eru þetta eftirtektarverð orð um þann mann, sem einn af allra mestu vitsnillingum hefir verið. Er af þeim ljóst, að V. Cousin hefir verið nokkurnveginn laus við að kunna að meta Brúnó. Jafnvel í hinni nýju vísindasögu Singers (A Short History of Science, 1941, s. 185) er komist að orði nálega eins og hin hörmulegu forlög Brúnós sé að rekja til galla á honum sjálfum.

Það er vissulega mikil hjálp til nauðsynlegs skilnings á sögu mannkynsins, að læra að meta rétt menn eins og Brúnó og Servet, og meðferðina á þessum sonnu þjónum guðs, sem voru einmitt að reyna til að vinna að því, sem öllu mannkyni reið allramest á, að kæmist eitthvað áleiðis.

Pó að ég hafi víða að því gætt, hvað um Brúnó hefir verið skrifað, hefi ég hvergi séð vitnað í þessi orð hans: *Astra ultra Saturnum continue sensibilia soles sunt*: Allar stjörnurnar, sem sjást þegar kemur út fyrir jarðstjörnuna Saturnus, eru sólir. Með skilningi á þessu, var svo ótrúlegt andans afrek unnið, að nægja mundi til að sýna, að aldrei hafi meiri vitfrömuður verið en Brúnó. Það var hann, sem uppgötvaði alheiminn, og áður en sú þekking var til, var vitanlega með öllu ómögulegt að átta sig á afstöðu jarðlífsins og mannkyns vors, í alheimi. Það var án slíks skilnings alómögulegt að átta sig á því, hvernig lífið er kraftur, sem brýst fram í alheimi efnisins, í þeim tilgangi að skapa efnið fram til sífellt æðri fullkomnunar. Brúnó sagði, að líf og mannkyn væri til á óteljandi stjörnum öðrum en vorri jörð, og hann skildi, að líf vort hér á jörðu, á sér framhald á öðrum jarðstjörnum. Það var einmitt þessi kenning, sem olli hvað mest hatrinu á honum, og gleðinni yfir hinum hræðilega dauða hans, eins og kemur fram í bréfi, sem varðveist hefir, frá einum af þeim, sem horfðu á hann brenndan.

Saga Brúnós eftir Georg Rönberg (Giordano Bruno. Kulturhistorisk Roman. Kbh. og Oslo 1915) virðist mér merkileg engu síður en hin fræga skáldsaga Meresjkóvskís um Leonardo da Vinci. En verk Brúnós var þó ennþá merki-

legra en Leónardós, því að það miðaði meir til að bjarga mannkyninu af vegi glötunarinnar, en nokkuð sem ritað hafði verið áður. Skáldsaga Rönbergs ber það með sér, að höfundurinn hefir gert sér mikið far um að kynnst heimildum þeim, sem til eru, og vel virðist honum hafa tekist, víðast hvar, að geta í eyðurnar. Lýsingin á dauða Brúnós og því sem á undan fór, er með því sem höfundinum hefir best tekist, en þó er sá megingalli á, að hugarástand vitringsins, þegar hann gekk síðustu sporin, getur ekki hafa verið neitt líkt því, sem skáldið gerir ráð fyrir. Skáldið hyggur, að Brúnó hafi gengið þessi spor glaður. En það er með öllu óhugsandi, að um nokkurn fögnuð geti verið að ræða, þegar heimska mannanna ónýtir öll ráð Guðs til að bjarga þeim.

Clemens 8. var þá páfi er þetta gerðist, og var honum það mikið áhugamál, að árið 1600 yrði sérstakt náðar- og hátíðarár, enda var þá mikið um dýrðir í Rómaborg. Frá Frakklandi einu er sagt, að komið hafi 300 000 píligrímar. Og sérstökum ljóma átti það að varpa yfir þetta ár náðarinnar og gleðinnar, að nú skyldi, í auglýsingu fjölmennis frá öllum löndum katólskrar kristni, og þó raunar fleirum, brenndur á báli tiltakanlega hættulegur villutrúarmaður og falskennari. — Dómurinn yfir Brúnó var loks kveðinn upp 8. febr., eftir að hann hafði verið í varðhaldi nálega 8 ár, fyrst í hinum hræðilegu blýherbergjum undir þaki hertogahallarinnar í Feneyjum, en síðan í Rómaborg. Brúnó var neyddur til að krjúpa á kné og hlýða þannig á dóminn, og er sú saga til, og þó býsna ótrúleg, að hinn langþjáði vitringur hafi sagt, er kardínállinn, sem til þess var settur, hafði lokið lestri sínum: „Hræddari munuð þér vera, er þér kveðið upp þennan dóm, en ég að heyra hann.“

Dóminum var fullnægt 17. febrúar, þar sem heitir Campo di fiori: blómavöllur. Múgur og margmenni hafði þangað safnast til að horfa á brennuna, og þar sat páfinn sjálfur í gullnu háseti, en í kringum hann á pallinum, hertogar, kardínálar og biskupar. Á þetta, sem til stóð, var litið sem skemmtun, og hana Guði sérstaklega velþóknanlega.

Brúnó var nú leiddur að bálkestinum og bundinn við

staur, sem uppúr honum stóð. Hann var í kufli, sem málaðir voru á blossom og rauðir púkar, en á höfðinu var pappírshúfa „skreytt“ á sama hátt. Frá tungunni hafði verið gengið þannig, að hann gat ekkert sagt, því að gert var ráð fyrir, að hann kynni að öðrum kosti að segja eitthvað, sem hneykslað gæti hinn guðhrædda lýð, sem þarna stóð í kring. Hann mátti aðeins geta hljóðað, þegar logarnir færu að leika um líkama hans. Orð hafði verið á því gert, hversu Servet hafði hljóðað lengi, er hann brann til dauða. En nú fór svo, að mannfjöldinn, sem þarna var samankominn, varð að fara á mis við þá skemmtun að heyra kvalahljóð þessa manns, sem áhorfendur héldu, að ætti svona meðferð skilið. Brúnó dó án þess að nokkuð heyrðist til hans, hvort sem það nú var af því að hann hefir engu hljóði getað upp komið, eða hann hefir svo fljótt misst meðvitund, að logar þessir, sem vanþekkingin og mannvonskan höfðu kveikt, léku aðeins um líkama, sem orðinn var tilfinningalaus.

## VI

Það er óhætt að fullyrða, að enginn í öllum þeim mannfjölda, sem var þarna samankominn á Campo di fiori, hvorki páfinn í gullna hásetinu né nokkur annar, hafði nokkra minnstu hugmynd um, að þarna var verið að gera það allravitlausasta, sem orðið gat. Maðurinn, sem þarna var líflátinn á svo hræðilegan hátt, var einmitt sá, sem allt mannkyn mundi hafa fagnað og reynt að verða samhuga öllum öðrum fremur, ef vit hefði verið meira. Hinn nýi og aukni skilningur Brúnós á heimi og lífi, var árangur af tilraun frá æðri stöðum til að bjarga við lífinu hér á jörðu, og afstýra þeim ógurlegu hörmungum, sem framundan voru. Stórglæpir eins og meðferðin á Servet og Brúnó, miðuðu í mesta lagi til að skapa jörðu vorri slíkt samband við hina verstu staði, sem getið er um í sögu Frímanns, hér áður. En af slíku sambandi hlýst hinn mesti ófarnaður og hverskonar ill tíðindi. Það er mjög eftirtektarvert, að nokkrum árum eftir að Calvín hafði látið brenna Servet, fékk Henrik 2. Frakkakonungur, mjög óvæntan og illan dauðdaga. En á

þeim árum, sem verið var að pína Brúnó í fangelsum trúarrannsóknarinnar, fór ennþá ver fyrir þeim manni, sem á hæstum valdatindi var sinnar samtíðar. Filippus 2. á Spáni var víðlendari konungur og völdugri en nokkur var þá eða hafði nokkru sinni verið, og höfðu þó um tíma verið góðar horfur á, að hann mundi auka ríki sitt ennþá meir. Og hann var, í blóma lífsins, kallaður glæsilegasti maður Norðurálfunnar. En á þessum tíunda tugi sextánda aldarinnar sýktist þessi glæsimaður svo, að heita mátti, að hann maðkaði lifandi, og varð hinn mesti viðbjóður. En nokkrum árum eftir dauða Brúnós, var myrtur Henrik 4. Frakklandskonungur, og skömmu seinna hófst hið ógurlega 30 ára stríð, sem hnekkti svo mjög framförum mannkynsins einmitt í þeim stöðum, þar sem líklegt þótti, að þær gætu orðið mestar. Hagir mannkynsins mundu um aldamótin 1700 hafa verið orðnir býsna ólíkir því sem var, ef samtíð Brúnós hefði betur kunnað að meta verk hans. Og vitanlega má ekki gleyma því, að verk þessa ágæta vitrings, mundi hafa orðið stórum merkilegra en varð, ef undirtektir hefðu verið eins og bar.

## VII

Það er ekki ólíklegt, að hinn ágæti Tiny, sem ég hefi sagt nokkuð af í kafla hér áður, segi það satt, að Brúnó, sem lengi hefir átt heima á hinum fegurstu stöðum, og betur gengið að aukast að visku en flestum öðrum, hafi á þessum úrslitatímum, sem nú eru, mikinn hug á gangi viðburðanna hér á jörðu, og geri það sem hann framast getur til að rétta hjálparhönd. En það er ekki auðvelt aðgerða. Þó að grimmdin sé nú — a. m. k. á friðartímum — minni hér á jörðu en á hans dögum var, þá hefir ekki hugarfarið breyst til batnaðar svo sem nauðsynlegt er, og mannkynið er, þrátt fyrir allar framfarir, á glötunarbarmi. Mönnum hefir hvergi nærri nógu vel lærst að meta sannleikann og leitina eftir sannleik, eins og vera ber. Vér getum sagt það með vissu, að væri einhverju því ljósi sannleikans brugðið á loft, sem nægja mundi til að sýna mannkyninu á hvaða leið það er, og hvernig á rétta leið mætti komast, þá mundi því verða

lítill gaumur gefinn. Og vér getum sagt meira. Slíku ljósi hefir þegar verið brugðið á loft, en því hefir ekki verið gaumur gefinn og hætturnar þess vegna aukist. Og hin ótrúlegasta tilraun hefir jafnvel verið gerð til þess að varna framgangi hins bjargandi sannleika, og væri af þessu langa sögu að segja, og hina lygilegustu (þó að sönn sé), en ekki skal það hér gert. En hins vegar dylst þó ekki heldur viðleitnin — handanað! — á að styðja þennan sannleik. Úr þeirri átt er það óefað, þegar sagt er við höfund bókarrinnar um Tiny: „Það má búast við, að komi fram í bókum fræðsla um forlög þjóða, sem vekja mun mestu furðu“ (Vision Beautiful, s. 113). Og skýrar hefir þetta komið fram. Hjá hinum völdugustu þjóðum hefir því verið haldið fram, að hin örsmáa íslenska þjóð hafi hina mestu þýðingu fyrir allt mannkyn. Héðan frá Íslandi, og þó einkum héðan frá Reykjavík, muni það ljós skína, er lýst geti öllu mannkyni á rétta leið. En Íslendingar sjálfir hafa þó flestir verið sljóvir gagnvart þessu, svo sem ekki væri því neinn gaumur gefandi. Og fyrst um sinn hefir það nú verið uppgötvað, að Ísland sé þýðingarmikil hernaðarstöð. En það sem þarf að uppgötva er, að Ísland geti orðið ennþá miklu þýðingarmeiri friðarstöð. Án þess sannleika, sem hægt sé að byggja á nægilega fullkomna lífernifræði, getur öld hins óbrigðula friðar ekki hafist á jörðu vorri. Eða m. ö. o., aldrei stefnt orðið til þess vaxandi samræmis, eigi einungis jarðlífsins, heldur einnig lífsins hér á jörðu við líf annarsstaðar í heimi, sem þýðir það, að lifað verði samkvæmt tilgangi lífsins, og ávallt vinnist glæsilegri og glæsilegri sigrar á öllu því sem illt er.